

Nr. 074 / 10 Grindjáni GK 25***Í hafvillu***

Skipaskr.nr. 7325
Smíðaður: Hafnarfirði 1991 plast
Stærð: 6,4 brl. 5,8 bt.
Mesta lengd: 8,59 m Skráð lengd: 8,57 m
Breidd: 2,57 m Dýpt: 1,54 m
Vél: Yanmar 213 kW 2006
Fjöldi skipverja: 1



Grindjáni ©Hafþór Hreiðarsson

Málið afgreitt á fundi 11. október 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 3. júní 2010 var Grindjáni GK 25 á siglingu NV af Sandgerði. Veður: 7-8 m/s og gott skyggni.

Kortaplotterinn hætti að sýna staðsetningu og bátsverjinn kom honum ekki í lag. Hann óskaði eftir aðstoð hjá Vaktstöð siglinga sem veitti honum leiðsögn til Sandgerðis.

Við rannsókn kom fram:

- að um borð var siglingakort en bátsverjinn nýtti sér það ekki;
- að bátsverjinn hafði réttindi til að sigla bátnum.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.